

Minnisblað

Breytingar á kennslustað íþróttavíð Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri

Stokkseyri 28. september 2021.

Stjórnendur Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri boðuðu til fundar um aðstöðu til íþróttakennslu víð Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri 24. ágúst 2021 síðastliðinn. Boðað var til fundarins að ósk íþróttakennara sem töldu kennslu- og námsaðstæður skólans vera óviðunandi, bæði fyrir nemendur og kennara. Fundinn sátu Páll Sveinsson skólastjóri, Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir aðstoðarskólastjóri, Sigríður Pálsdóttir deildarstjóri, Bragi Bjarnason Bjarnason deildarstjóri, Óttar Guðlaugsson íþróttakennari og Sesselja Óskarsdóttir íþróttakennari.

Á fundinum kom fram að íþróttakennarar telja núverandi aðstæður í íþróttahúsi á Stokkseyri ekki viðunandi. Í rökstuðningi þeirra kom eftirfarandi fram:

1. Skólinn hefur tekið upp teymiskennslu í fjölmörgum námsgreinum, þar á meðal íþróttum. Mikill ávinningur er af slíkri kennslu og námi en íþróttakennarar skólans bentu á að ávinningurinn er fyrir bí hjá BES í aðstöðuleysinu sem nemendur og kennarar búa við. Ef kennarar eiga að ná fram hæfniviðmiðum aðalnámskrár gera núverandi aðstæður þeim það ekki kleift nema að hluta til.
2. Klefar fyrir nemendur eru það litlir að einungis 5-6 nemendur geta farið í sturtu í einu að loknum íþróttatíma. Slíkt skapar óþarfa álag á klefagæslu, nemendum líður illa í slíkum aðstæðum og samskiptavandi milli nemenda hefur aukist í ljósi þessa. Að keyra 25-30 nemenda hópa í gegnum slíkar aðstæður tekur einnig mikinn tíma, tími sem tekinn er af kennslutíma.
3. Andyri íþróttahúss á Stokkseyri rúmar of fáa nemendur, er of lítið. Þetta skapar vanda sem hefur kristallast í samskiptaárekstrum, hávaða og álagi á starfsmenn.
4. Hljóðvist í íþróttasal á Stokkseyri er slæm og skapar starfsfólki aukið álag.
5. Lofthæð í íþróttasal á Stokkseyri er lítil og hamlandi fyrir fjölbreytileika í kennslu.

Í ljósi þessara ábendinga höfum við undirritaðir tekið þá ákvörðun að öll íþróttakennsla verði færð í Samkomuhúsið Stað á Eyrarbakka frá 1. október 2021. Ákvörðun um slíkt hefur umtalsvert fleiri kosti í för með sér en galla. Þrátt fyrir að kostnaðaraukinn sem slík ákvörðun felur í sér í formi aukins akstur með nemendur verði fyrir hendi er sá kostnaður mun minni en kostnaður við verklegar framkvæmdir sem ráðast þyrfti í til að gera kennsluáðstæður á Stokkseyri viðunandi.

Páll Sveinsson, skólastjóri Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

Bragi Bjarnason, deildarstjóri frístunda- og menningardeildar